



272. Stjórnarfundur haldinn 27. sept. 2006 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkomin bréf.

Bréf frá: UMFÍ boðun á sambandsráðsfund 28. okt. á Flúðum, Keflavíkurkirkju ósk um þátttöku í helgihaldi á vegum kirkjunnar (kirkjudagur Keflavíkur íþróttá- og ungmennafélags) og UMFÍ forvarnardagur grunnskólanna 9. bekkinga auk veggspjald.

3. Send bréf.

Bréf sent: til deilda v/ skila á greinum í jólablað félagsins. Skilafrestur er 3. nóv. 2006 og Landsbanka Íslands Keflavíkurútibúi v/yfirdráttarheimildar körfuknattleiksdeild Keflavíkur.

4. Viðtöl í jólablaðið.

Rætt um einstaklinga varðandi opnuviðtalið. Nokkrar hugmyndir komu fram.

5. Forvarnardagur í grunnskólum landsins.

Framkvæmdastjóri fór yfir dagskrá forvarnadagsins. Óskir um að fá einstaklinga úr okkar íþróttafélagi til að taka þátt í verkefninu. Ákveðið er að Einar H. fari í Heiðarskóla og Guðjón Árni Antoníusson fari í Myllubakkaskóla fimmtudaginn 28. sept. Holtaskóli er með sinn forvarnardag föstudaginn 29. sept. og Einar H. verður þar.

6. Önnur mál.

Næsti stjórnarfundur verður 11. okt. 2006 kl. 18:00 á félagssvæði skotdeildar með stjórn skotdeildar.

Ákveðið er að fara á jólahlaðborð 2. des og framkvæmdastjóra falið að klára málið.

Fundur um félagsheimilamál 10. okt. kl. 17:00 2006 í félagsheimili okkar.

Dacoda-námskeiðið á innslætti á heimasíðu okkar tókst mjög vel og yfir 30 manns þátt og voru fulltrúar frá öllum deildum félagsins.

Verið að útbúa stærri flaggfána og fána fyrir stuðningsmenn.

Grunnskólarnir Heiða-, Holta- og Myllubakkaskóli hafa ákveðið að gera samstarfssamning við aðalstjórn félagsins varðandi að þau börn sem hafa valið íþróttir sem valgrein og stunda skipulagðar æfingar á vegum félagsins fá það metið til eininga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:00

